

Nýta það sem landið hefur upp á að bjóða

Mjóeyri við Eskifjörð er anddyri hins fagra og fjölbreytta Gerpissvæðis. Þar búa ung hjón sem sérhæfa sig í að veita ferðafólki innsýn í undur og ævintýr náttúrunnar. **Steinunn Ásmundsdóttir** sótti þau heim.

Eskifjörður | Á Mjóeyri, rétt utan þéttbýlisins á Eskifirði, búa ung hjón, þau Berglind Ingvarsdóttir líffræðingur og Sævar Guðjónsson, rafvirki og formaður Ferðamálafélags Fjarðabyggðar og Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum, ásamt ungum syni sínum, Antoni Berg. Fyrir tveimur árum hófu þau að byggja upp ferðaþjónusturekstur á Mjóeyri og tengja hann þeim útivistarmöguleikum sem svæðið umhverfis þau er svo ríkt af.

"Ef þér dettur eitthvað í hug, hjálpum við þér að framkvæma það," segir Sævar og er það vart orðum aukið, því þau hjónin bjóða upp á veiðiferðir á sjó og landi, skíðaferðir, svæðisleiðsögn, náttúruskoðun, köfun, ísklifur, fuglaskoðun, hellaskoðun, hreindýraleiðsögn, bátsferðir, hvataferðir, skoðunarferðir, kajakferðir, óvissuferðir, gönguferðir, stjörnu- og norðurljósaskoðun, hestaferðir, golf og gönguferð að flugvélaflaki, svo eitthvað sé tínt til.

"Við sérhæfum okkur auðvitað ekki í öllu þessu, heldur köllum til samstarfsaðila hér í kring sem hafa sérþekkingu á þessum sviðum," segir Sævar, þar sem setið er í stofu á Mjóeyri yfir rjúkandi kaffi og útsýni er upp á fjallstoppa og út í hafsauga.

"Við erum mikið í gönguleiðsögn, söguferðum og leiðsögn með hreindýraveiðimenn, auk þess að bjóða upp á gistingu. Á næstunni rísa hér svo nokkur heilsárshús og við verðum með vélbáta við eyrina svo menn geti svolítið duggað hér um fjörðinn og jafnvel krækt í fisk á grillið."

Trekkja upp náttúruæðlið

Berglind og Sævar eiga hlut í Austfjarðaleið og það fyrirtæki á aftur hlut í Fjarðaferðum, nýstofnuðu fyrirtæki um útsýnissiglingar frá Norðfirði og í Ferðaskrifstofu Austurlands. "Það er styrkur ferðaþjónustunnar náí menn að vinna saman," segir Sævar. "Þetta styður allt hvað annað."

Berglind er rétt nýkomin inn úr dyrunum frá því að halda náttúrunámskeið fyrir grunnskólabörnin á Eskifirði. "Það er um að gera að reyna að trekkja dálítið upp náttúruæðlið í krökkunum, því þetta býr í öllum," segir hún. "Krakkarnir voru einmitt hér í fjörinni í vikunni og þau nutu sín heldur betur í blíðunni." Berglind vann til skamms tíma hjá Náttúrustofu Austurlands en er nú að snúa sér alveg að rekstrinum. Hún nam Bowen-tækni, tæknimeðferð sem kemur af stað heilunarferli, verkjalosun og endurnýjun á orku og býður Berglind upp á meðferð á þessu sviði.

Sverrir lærði svæðisleiðsögn og ferðamarkaðsfræði eftir rafvirkjunina og segist hafa verið viðloðandi gönguleiðsögn, m.a. fyrir bresku ferðaskrifstofuna High Places, starf í björgunarsveit og rútuakstur í mörg ár.



Við útsýn Gerpissvæðið býður upp á margar skemmtilegar gönguleiðir. — Ljósmynd/Sævar Guðjónsson



[]

"Mjóeyrina þekki ég vel frá því að ég ólst upp á Eskifirði, af því að systir mömmu, Guðný Stefánsdóttir, bjó hér í tæp fimm tíu ár," segir Sævar. "Þegar húsið var til sölu um það bil sem við vorum að ljúka námi þekktum við möguleika þess og slógum til."

Þau hafa breytt húsinu talsvert og bjóða nú upp á fimm herbergi með gistirými fyrir tíu, auk svefnskála fyrir 9 manns, eldunaraðstöðu og baðherbergi. Rúm eru ýmist uppþúin eða fyrir svefnpoka og máltíðir eins og menn óska. Gistingin er opin allt árið og mikið hefur verið að gera í allan vetur og vor.

Svæðið óhemjuríkt af sögu

Berglind og Sævar sækja mikið í sögu svæðisins sem er ríkuleg. Saga hvalveiða við Reyðarfjörð er rétt utan Mjóeyrar þar sem var hvalstöð, þar utan við Breiðuvíkurstekkur, nú kallaður Útstekkur og var þar verslunarstaður.

Helgustaðanáman, silfurbergsnáma í 80 m djúpum helli, er nánast í seilingarfjarlægð, gamalt flugvélaflak í Sauðatindi utarlega í firðinum tengist stríðsárunum og búskapur á sér langa hefð á Gerpissvæðinu. Og þetta er bara brotabrot af sögu svæðisins.

Sævar er leiðsögumaður með hreindýraveiðum á svæðum 4 og 5, sem spanna Gerpissvæðið, Reyðarfjörð, Mjóafjörð, Seyðisfjörð og Gagnheiðarsvæðið og tekur hann um tvo mánuði árlega í hreindýraveiðar. Þau Berglind fara og með fólk til rjúpna, á svartfuglsveiðar, sjóstöng og í flugu- og netaveiði.

"Við lögðum okkur rauðmaganet í vor og fórum þar saman þrír ættliðir á sjó," rifjar Sævar upp. "Pabbi gamli, hann Hákarla-Guðjón (Gíslason), ég og Anton litli Berg, sonur okkar. Það var bullandi veiði, við vorum með 30 rauðmaga eftir nokkurra náttu legu og elduðum þetta ofan í karlana sem gistu hér. Þeir voru yfir sig glaðir og sögðust ekki hafa fengið rauðmaga í rúman áratug. Síðast í fyrradag voru menn að vitja um tvö kolanet hérna 100 metra innan við húsið og voru með hátt í 60 kíló eftir eina nótt."

Klifrað upp Bleiksárfossinn

Möguleikinn á ísklifri vekur athygli og segja þau að á veturna séu óþrjótandi staðir, t.d. í Hólmatindinum, þar sem hægt sé að klifra þúsund metra ef því er að skipta. Bleiksárfossinn rétt innan við bæinn sé upplýstur og kannski eini fossinn á Íslandi þar sem hægt er að klifra allan sólarhringinn yfir veturinn. Og þau bjóða líka upp á norðurljósaskoðun: "Að vera t.d. uppi á Oddskarði í heiðskíru veðri og horfa á norðurljósinn yfir Norðfirði og Eskifirði er ólýsanlegt fyrir alla," segir Berglind. "Okkur finnst alltaf gaman að leggjast á jörðina og horfa á norðurljósinn og stjörnurnar. Það var einmitt einn japanskur að bóka hjá okkur seinnipartinn í ágúst, kannski er hann að sigta á norðurljósinn."

Sævar segist hafa lært margt af pabba sínum, Hákarla-Guðjóni og m.a. verið með honum til sjós eitt sumar. "Þar kynntist ég hans lífi. Að vera á færum í morgunsól undan Síðunni er ólýsanlegt. Að sjá Síðuna alla loga eins og gull þegar sólin skein á líparítið," segir Sævar og maður skynjar þá djúpu unun sem hann hefur af landi og sjá. "Maður grenjaði sig með á fyrstu hreindýraveiðarnar tólf ára gamall út í Viðfjörð. Pabbi skaut fyrstu dýrin sem skotin voru opinberlega hér á fjörðunum, það var árið 1971 úti í Helgustaðadal. Það eru ekki nema 35 ár síðan fór að vera eitthvað af dýrum hér að ráði. Maður er allinn upp við að nýta það sem landið hefur upp á að bjóða." Berglind er ekki jafn fangin af veiðum, en gengur þó til rjúpna og veiðir fisk, auk þess sem hún stundar fuglarannsóknir. "Við lifum og hrærumst í því sem okkur finnst áhugavert og skemmtilegt; alls konar útivist. Ef við höfum tíma skreppum við á kajak, í siglingu, á rúntinn út í Vöðlavík eða hvað annað sem okkur dettur í hug. Við erum þeirrar gæfu aðnjótandi að geta haft atvinnu af áhugamálum okkar."

Fjórir karlar verða að fjórtán

"Við vorum að veiða hreindýr í Sandvík og ég var þar með fjóra karla," segir Sævar. "Ég vissi raunar af því að fleiri höfðu ætlað að veiða þarna á svæðinu. Um miðjan dag hringi ég í kunningja minn, Sigurstein á Norðfirði, til að láta sækja okkur og þrjú dýr. Það var eitthvað spáð í hvort koma ætti á stórum eða litlum bát og ákveðið að taka þann stóra af því að ekki var sérlega gott í sjóinn. Þegar ég er passlega búinn að tala við hann sé ég hvar koma menn niður ána í Sandvík og þeir voru með dýr. Þessir menn höfðu ekki haft samband við mig en ætluðu sér þó greinilega að fá far. Ég var nú svo sem ekkert að stressa mig á því vegna þess að stærri báturinn var væntanlegur. Svo kom nú báturinn og ég

setti dýrin þrjú út í hann auk fjögurra til viðbótar. Þar sem við erum að stússa í þessu kemur allt í einu her manna

labbandi ofan af fjallinu, veiðimenn líka, fimm karlar. Og þar sem þeir eru að bíða eftir að komast um borð, koma nokkur

hreindýr brokkandi til þeirra og þeir skutu þar fimm dýr. Svo þetta voru orðin tólf dýr, 14 karlar og tíu byssur. Báturinn var

gjörsamlega drekkhlaðinn af öllu þessu og ferðin orðin sólarhringur hjá okkur í staðinn fyrir þann stutta skreppitúr sem til

var efnt."